Fyrirspurn til Velferðar- og mannréttindaráðs Kópavogs

Kópavogsbær segir í velferðarstefnu bæjarins að lögð sé áhersla á að þjónusta við íbúa sé heildstæð, taki mið af einstaklingsbundnum þörfum og sé samfelld. Þá er lögð áhersla á einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu og virkt samráð við notendur.

Kópavogur hefur jafnframt komið á fót Notendaráði í málefnum fatlaðs fólks. Þar hefur verið fjallað sérstaklega um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni á sameiginlegum fundi velferðarráðs og notendaráðs.

Með hliðsjón af þessu óska fulltrúi Samfylkingar í ráðinu eftir svörum við eftirfarandi:

1. **Hvernig hefur sumarfrístund og tómstundaþjónustu fyrir fötluð börn verið háttað í Kópavogi undanfarin fimm ár?**
   Óskað er eftir upplýsingum um þau úrræði sem hafa verið í boði, opnunartíma þeirra og fjölda barna sem hafa nýtt sér þjónustuna á hverju ári.
2. **Hversu mikil hefur eftirspurn eftir sumarfrístund fyrir fötluð börn verið undanfarin fimm ár?**
   Hversu mörg börn hafa sótt um pláss í Hrafninum og öðrum sambærilegum úrræðum, hversu mörg hafa fengið pláss og hversu mörgum hefur ekki verið hægt að bjóða þjónustu?
3. **Hefur Kópavogsbær gert sérstaka þarfagreiningu á sumar- og tómstundaþjónustu fyrir fötluð börn?**
   Ef slík greining hefur verið gerð er óskað eftir niðurstöðum hennar og hvort hún hafi leitt til breytinga á þjónustunni.
4. **Hefur Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks fjallað sérstaklega um sumarfrístund eða tómstundaþjónustu fyrir fötluð börn undanfarin fimm ár?**
   Ef svo er, hvaða ábendingar, tillögur eða niðurstöður hafa komið fram og hvernig hefur þeim verið fylgt eftir?
5. **Hvernig samræmist núverandi fyrirkomulag sumarþjónustu markmiðum velferðarstefnu Kópavogsbæjar um samfellda, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu?**
   Sérstaklega er spurt hvernig tryggt sé að börn sem þurfa á sérhæfðri stuðningsþjónustu að halda séu ekki án viðeigandi úrræðis þegar sumarúrræði eru lokuð eða þegar ekki fæst pláss.
6. **Hyggst Kópavogsbær auka eða endurskoða sumarþjónustu fyrir fötluð börn þannig að hún verði samfelldari og komi betur til móts við þarfir fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra.**
   Ef svo er, hvaða breytingar eru fyrirhugaðar og hvenær er gert ráð fyrir að þær komi til framkvæmda?

Óskað er eftir skriflegu svari við fyrirspurninni og umræðu um málið á næsta fundi Mannréttinda- og velferðarráðs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026